Ed. **307. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Birni Kristjánssyni.

1. gr. frv. hljóði þannig:

Á eftir 2. málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga fámenn og afskekkt læknishéruð eða hérað, sem af öðrum ástæðum er illkleift að greiða af höndum kostnað við að reisa eða endurbyggja læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsgr. þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að ¾ byggingarkostnaðar. Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅘ kostnaðarverðs.